

Nr. 39  
28. nóv.

# Lög

um

breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60,  
frá 10. nóvember 1913.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, eftir áætlun, er landsstjórnin samþykkir, veitast úr ríkissjóði alt að 350000 — þrjú hundruð og fimtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 1050000 — tíu hundruð og fimtíu þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirmsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númin 1. og 2. gr. í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913, og lög nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á þeim lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*